

Byrjendalæsi

Grundaskóli á Akranesi

Skólaárið 2007 – 2008 hófu grunnskólarnir á Akranesi þátttöku í þróunarverkefningu Byrjendalæsi undir stjórn Rósu Eggertsdóttur og féлага á Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.

Um Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í lestri og notuð í 1. og 2. bekk. Þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnámsins. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild og tengjast sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift inn í ferlið. Meginmarkmiðið er að nemendur nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni.



Kennarar sem taka að sér umsjón í 1. og 2. bekk fara á námskeið í Byrjendalæsi meðan aðferðin er að festast í sessi í skólastarfinu. Þar læra þeir um þær kenningar sem aðferðin byggir á og leiðir til að gera þær að veruleika í skólastofunni.

Leiðtogar starfa í báðum skólunum. Þeir sóttu námskeið hjá Skólaþróunarsviði HA þar sem unnið var með fræðilegan grunn að starfi leiðtogans og farið dýpra í kenningar Byrjendalæsis. Hlutverk leiðtoganna er að fara í reglubundnar vettvangsheimsóknir til þáttökukennara og veita þeim persónulega ráðgjöf.

Smiðjur og námskeið

Leiðtogar skipuleggja sameiginleg námskeið eða smiðjur fyrir kennara beggja skólanna þar sem farið er yfir einstaka þætti Byrjendalæsis en þessi þáttur starfsins hefur elft mjög samstarf milli kennara yngri barna á Akranesi. Undir lok skólaárs er sameiginlegur hópfundur þar sem vetrarstarfið er metið og línur lagðar fyrir komandi skólaár.



Starfið í skólastofunni

Eitt af því sem einkennir starf í anda Byrjendalæsis er gerð nákvæmra kennsluáætlana sem byggja á gæðatexta við hæfi nemenda. Hver áætlun samanstendur af þremur þrepum sem í heild fela í sér námsþætti íslenskunnar fyrir 1. og 2. námsár:

1. Inntak texta

Nemendur hlusta á gæðatexta sem felur í sér boðskap og möguleika á innihaldsríkum samræðum og skoðun á móðurmálinu. Hér er unnið út frá heildinni og áhersla lögð á tengingu við fyrri þekkingu nemenda til að efla skilning þeirra á textanum, auðga orðaforða og orðskilning.

2. Sundurgreinandi og samtengjandi vinna

Valið er lykilorð úr textanum og tveir lykilstafir úr lykilorðinu meðan á stafainnlögn stendur. Unnið er með lykilorð og lykilstafi ásamt orðaforða úr texta á sundurgreinandi og samtengjandi hátt út frá öllum námsþáttum íslenskunnar. Áhersla er lögð á að nálgast hvern námsþátt á fjölbreyttan hátt, bæði með umræðum og í gegnum leik.



3. Enduruppbygging texta

Áhersla er lögð á eigið framlag nemenda og að þeir tengi saman í eina heild það sem þeir hafa unnið með á fyrri stigum.

Meginviðfangsefni eru fjölbreyttur lestur, ritun og stafsetning.

Nemendur afla gagna, flokka þau, vinna úr þeim og setja fram í heildstæðum texta sem getur verið í máli og/eða myndum.



Einstaklingurinn og hópurinn

Í Byrjendalæsi er lögð rík áhersla á samvinnu nemenda samhliða því sem einstaklingsþörfum er mætt. Í kennsluferlinu fylgjast kennarar grannt með og meta framvindu námsins og grípa inn í með auknum stuðningi hvort sem um er að ræða einstakling, minni hópa eða nemendahópinn í heild. Hver ný kennsluáætlun byggir á reynslunni af þeirri fyrri og í þeim anda útbúa kennarar verkefni sem nemendur geta leyst einir sér eða í samvinnu við aðra.

Starfsþróun kennarans

Kennsluáætlunin Byrjendalæsi felur í sér mikla ígrundun af hálfu kennara þegar þeir semja kennsluáætlanir og útbúa tilheyrandi verkefni og námsgögn. Í því ferli felst virk starfsþróun því hugmyndir vakna um fjölbætta notkunarmöguleika námsgagna, hugmyndir sem birtast á ófyrirséðan hátt í daglegu starfi þegar kennarar mæta þörfum nemenda sinna hér og nú. Þannig endurskoða kennarar stöðugt eigin ákvarðanir og þróa hugmyndir sínar um leið og þeir meta frammistöðu nemenda. Kennsluáætlanir eru einnig öflugt vinnutæki sem eykur öryggi kennara, bæði hvað varðar skráningu og mat á starfinu í skólafundum og upplýsingagjöf til stjórnenda og foreldra/forráðamanna nemenda þar að lútandi.

